



BH OPEN 2026

verður haldið í fjórða sinn 23.-25. janúar 2026 í Íþróttahúsinu við Strandgötu 53 í Hafnarfirði.

Föstudagur 1. Blokk

Hefst kl 16:00

Flokkur

Meistaraflokkur karla Elite

Meistaraflokkur kvenna Elite

Laugardagur 2. Blokk

Hefst kl 09:00

Flokkur

Stelpur u11

Strákar u11

Stelpur/Strákar u15 A

Stelpur/Strákar u15 B (<1250 stig)

Opinn flokkur D (<1200 stig)

Opinn flokkur B (<2000 stig)

Karlar/Konur 40 ára og eldri

Laugardagur 3. Blokk

Hefst kl 13:00

Flokkur

Stelpur u13

Strákar u13

Stelpur/Strákar u19 A

Stelpur/Strákar u19 B (<1400 stig)

Opinn Flokkur C (<1500 stig)

Skemmtiflokkur 18 ára og eldri*

Sunnudagur 4. Blokk

Hefst kl 09:00

Flokkur

Liðakeppni

Fyrirkomulag:

Keppa má í 4 flokkum alls, en þó einungis 1 flokki í hverri „blokk“. Ef of fáir skrá sig í einn flokk mun mótstjórn sameina flokka til þess að fá fleiri leiki.

Flokkar í 1. blokk hefjast á milli kl. 16:00-17:00 á Föstudegi

Flokkar í 2. blokk hefjast á milli kl. 09:00-11:00 á Laugardegi

Flokkar í 3. Blokk hefjast á milli kl. 13:00-15:00 á Laugardegi

***Skemmtiflokkur (18 ára og eldri) hefst 16:00 á Laugardegi**

Liðakeppnin í 4. Blokk hefst kl. 09:00 á Sunnudegi

Keppt verður í 3-4 manna riðlum í öllum flokkum þar sem efstu 2 fara áfram í beinan útslátt. Leiknar verða 3-5 lotur í öllum flokkum, nema í útsláttakeppninni í Meistaraflokki Elite karla og kvenna þar sem verða leiknar 4-7 lotur.

Meistaraflokkur Elite hefst á föstudegi en ef fleiri en 16 skrá sig verður útslátturinn kláraður á laugardagsmorgni (heldur áfram kl 09:00 á laugardeginum).

Liðakeppnin

Hvert lið skal innihalda tvo leikmenn. Liðin verða röðuð í styrkleika eftir meðalfjölda stiga leikmanna. Spilað verður í riðlum og svo útslætti þar sem leikið verðuð um öll sæti. Keppnisfyrirkomulagið í liðakeppninni verður:

A vs X

B vs Y

Tvíliðaleikur

Vinna þarf tvær viðureignir til að sigra liðsleikinn.

Liðum verður skipt í deildir eftir styrkleika, þ.a. efstu 8 liðin spila í A deild, næstu 8 spila í B deild og svo koll af kolli. Spilað verður uppá öll sæti í hverri deild fyrir sig.

Skemmtiflokkur 18 ára og eldri

Öllum yfir 18 ára aldur, sem æfa ekki reglulega borðtennis eða taka þátt á almennum mótum, er velkomið að taka þátt. Í raun er öllum frjálst að skrá sig en markmiðið er að skapa léttu stemningu þar sem hver sem er getur verið með.

Skráning

Skráning fer fram í gegnum skráningarform BH. Skráningarformið má finna hér:

https://docs.google.com/forms/d/e/1FAIpQLScYBMlhPxpSiHxF_2h-SC5rihV1SwriL0w9bE_CswjgjcD_Kg/viewform?usp=publish-editor

Ef skráningarformið gengur ekki má senda skráningu með tölvupósti á netfang borðtennisdeildar BH, bhbordtennis@gmail.com. Í skráningu skal taka fram fullt nafn keppanda, kennitölu, félag og skal taka skýrt fram í hvaða flokkum keppandinn vill keppa í.

Skráningafrestur rennur út **þriðjudaginn 20. janúar kl 20:00.**

Röðun

Raðað verður samkvæmt keppnisreglum BTÍ þar sem að lágmarki 4 leikmenn/lið fá röðun í hverjum flokki.

Raðað verður eftir styrkleikalista BTÍ 1.janúar 2026.

Þáttökugjöld

- Meistaraflokkur Elite kr 4000,-
- Liðakeppni (verð á mann) kr 3000,-
- Aðrir flokkar kr 3000,-

Gjaldið greiðist á mótsstað eða inn á bankareikning Borðtennisdeildar BH:

Kt: 620709-0180 & Rknr 0544-26-16207

Setjið í skýringu við greiðsluna fyrir hvaða leikmann greitt er. Sendið afrit á bhbordtennis@gmail.com.

Leikmenn sem skrá sig í 3 flokka fá 4. frítt!

Verðlaun

Bikarar verða veittir fyrir efstu fjögur sætin í hverjum flokki, nema í flokkum þar sem verða peningaverðlaun.

Í Meistaraflokki Elite fær

1. sæti kr 50.000,-.
2. sæti kr 15.000,-.
- 3.-4. sæti kr 7.500,-.

Í Liðakeppninni fær sigurliðið kr 30.000,-.

Verðlaunafé í öðrum fullorðinsflokkum veltur á skráningu og verður auglýst þegar nær dregur.

Athugið að Meistaraflokkur Elite gefur stig fyrir 8 efstu sætin sem gilda inná lokamót BTÍ.

Samgöngur

Borðtennisdeild BH hvetur alla sem geta að nýta sér almenningssamgöngur til að koma sér á mótið.

Íþróttahúsið við Strandgötu liggur innan 3 mínútna göngufæri frá Firðinum, þar sem strætisvagnar stoppa. Vagn 1 fer frá BSÍ sem er innan göngufæris frá Reykjavíkurflugvelli, vagn 21 fer frá Mjódd, sem er aðkoma flestra strætisvagna utan af landi og vagn 55 fer frá Reykjanesbæ og Keflavíkurflugvelli. Þessir vagnar stoppa allir í Firðinum.

Ef keppendur óska eftir að vera sóttir af sérstökum ástæðum skal hafa samband við mótstjórn tímanlega í gegnum bhbordtennis@gmail.com undir yfirskriftinni "BHAKstur".

Búnaður

Borð: Butterfly EUROPA keppnisborð

Kúlur: Stiga Perform 3* 40+

Mótstjórn og Yfirdómari

Mótstjórn skipa Ingimar Ingimarsson, Jóhannes Bjarki Urbancic og Tómas Ingi Shelton. Allar fyrirspurnir til mótstjórnar skulu berast til bhbordtennis@gmail.com.

Yfirdómari mótsins verður Pétur Marteinn Urbancic Tómasson, alþjóðlegur dómari ITTF.